

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Óla Birni Kárasyni um fjölda starfsmanna Stjórnarráðsins.

1. Hver hefur þróun á fjölda starfsmanna Stjórnarráðsins og fjölda ársverka verið frá árinu 1990? Svarið óskast sundurliðað eftir árum.

Á umræddu tímabili hafa orðið nokkrar breytingar á launakerfi ríkisins og því er fjöldi kennitalna eini samfelldi mælikvarðinn um fjölda starfsmanna Stjórnarráðsins sem er tiltækur fyrir allt tímabilið. Eftirfarandi tafla sýnir fjölda kennitalna sem starfaði í Stjórnarráðinu ásamt fjölda ársverka frá 1998.

	Fjöldi kennitalna*	Fjöldi stöðugilda
1990	600	
1991	674	
1992	617	
1993	605	
1994	598	
1995	635	
1996	684	
1997	677	
1998	688	443
1999	694	457
2000	692	469
2001	700	478
2002	698	494
2003	732	523
2004	742	535
2005	751	554
2006	743	567
2007	740	570
2008	613	504
2009	591	511
2010	593	516
2011	590	530
2012	594	532
2013	585	528
2014	544	500
2015	530	484

*Fjöldi kennitalna, 12 mánaðar meðaltal.

2. Hver var fjöldi ráðuneytisstjóra í árslok 1990, 1995, 2000, 2005, 2010 og 2015?
3. Hver var fjöldi skrifstofustjóra í ráðuneytum í árslok 1990, 1995, 2000, 2005, 2010 og 2015?

Í eftirfarandi töflu má finna yfirlit yfir fjölda ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra í Stjórnarráðinu.

	1990	1995	2000	2005	2010	2015
Fjöldi ráðuneytisstjóra	13	13	13	13	13	8
Fjöldi skrifstofustjóra í Stjórnarráðinu	34	46	58	71	77	47